



## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Fréttabréf frá formanni :

6. júlí 06

Þrjár stjórnafundir hafa verið haldnir, þetta er það helsta sem þar var rætt og ákveðið:

### **Húsnæðið.**

Samþykkt var að endurlífga húsfélagið Hólmgarður 2 c því ekki hafði það tekist í fyrra, þetta tókst og fór KK og GP á fund sem boðað var til með eigendum að húsinu.

Ný stjórn var skipuð í félagið og er KK formaður þar, Jón Jóhanns viðskiptafr. gjaldkeri og Sigurbjörn Björnsson ritari.

Þá var ákveðið að láta strax fara í gang undirbúning fyrir viðhald hússins að utan. Leita tilboða hjá verkfr.stofum og tæknifr. stofum um úttekt á húsinu og síðan að gera kostnaðaráætlanir og í frh. að gera útboðsgögn.

Ljóst er að það þarf mikið að gera við húsið og er ég ekki of bjartsýnn á að þetta klárast fyrir veturinn, en lítið viðhald hefur farið fram.

Húsfélagið þarf að ná þarna lendingu því þarna hefur ekki verið sátt og 2 af eigendum hafa neitað að gr. í hússjóð og bera við framkvæmdarleysi húsfélagsins.

**Stjórnin** hefur sent bréf til byggingarfulltrúans hér til að óska eftir samstarfi við að kynna nýja byggingareglugerð og lög sem er nú í smíðum og er jafnframt ítrekað að við viljum að ávallt verði við það miðað að eftir núverandi og væntanlegum lögum verði unnið og allt eftirlit verði aukið hér á svæðinu. Stefnt er á haustið.

Almennt hefur stjórnin rætt ítarlega saman um að þessi húsnæðismál séu of tímafrek og því þyrfti að leita nýrra leiða m.a. að leigja skrifstofu og í samvinnu með öðrum að hafa fundarherb. og sal. Verkalýðsfélögum á svæðinu hefur verið sent bréf og meðal annars reifað hvort ekki væri nú þarft að sameinast um þessa hugmynd. Málið er áfram í vinnslu en orlof tefur umræðuna.

Þá hefur formaður haft samband við nunnurnar í Hafnarfirði um að gerður verði nýr félagsfáni, hvítur með merkinu okkar í bláum hring, með smá breytingu í átt að ræðupúltinu og bréfsfninu, en þar er m.a. hvítur hringur inn í þeim blá og verður það því allt skarpara, ásamt því sem að stofndagur kemur fram..

Nunnurnar munu stefna á að ljúka gerð fánans fyrir afmælið í vetur.



## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Ofangreint er allt í framhaldi af umræðum sem fóru fram á aðalfundinum í vor.

Einnig höfum við áhuga á að skipuleggja stutt tölvunámskeið fyrir meðlimi, sem þess óska, einkum að kynna tölvupóst og samskipti þar, en við viljum auglýsa netföng meðlima okkar og við vitum allir að tölvan er að vera meira áberandi í allri tilboðsgerð og samskiptum, samt er það þannig að alltof fáir svara til baka fundarboðum og bréfum sem við sendum.

Þá hefur verið lögð þung áhersla á að stjórnarmenn sæki fundi hjá Meistarasambandinu í RVK sem oftast og að við látum hagsmunagæsluna vera í fyrirrúmi bæði þar og hér heima.

Formaður hefur m.a. ritað grein sem kom í síðasta blaði Meistarans þar sem hann reifar þörfina á að við verndum fagréttindin, en í skjóli þess frelsis sem ríkir, þá flæðir inn á okkar svæði mikið af tilbúnum húsum og sömuleiðis verktakar sem hafa mikið af réttindalausum fólki í sinni vinnu, þarna verðum við að vera við öllu búnir því okkar er að tryggja að um sé að ræða réttindamenn en ekki undirboð ófaglærðra.

Ljóst er að nú í miðjum orlofstímanum, verður smá hlé á störfum okkar en við komum hressir til leiks í haust.

Auk ofangreinds þá yrði gaman að við gætum stefnt að áhugaverðri skoðunarferð í haust, fyrir veturinn en hvert? Menn hafa rætt um að fara aftur í Kárahnjúkanna því síðast er við vorum þar þá voru framkvæmdir rétt að hefjast og væri að sögn manna gaman að sjá þær komnar lengra áleiðis.

**Nú óska ég eftir að uppástungum um skoðunarferð kæru félagar.**

Sömuleiðis þá bið ég þá félagsmenn sem hafa áhuga á að vinna við utanhúsviðgerðir á húsinu, (lægri hlutinn 2 C) : **Pvottur, sprunguviðgerðir, málun og að lagfæra skemmt timbur.** (Helst tilboð / )  
Vinsamlegast sendið tölvupóst eða hafið samband við formann húsfélagsins, því ég vil að við séum tilbúnir með okkar vinnu, ef það dregs að við fáum tilboð frá yfirhlöðnum verkfr.st.

**Kveðja, Kristján Kr. formaður MBS**



**Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.**